

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Sveitarstjóri Dalabyggð
Sent: þriðjudagur, 17. nóvember 2020 18:14
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: FW: Vegna vindorkumála í Dalabyggð - viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

From: Ásbjörn Egilsson <asbjorn.egilsson@efla.is>
Sent: þriðjudagur, 17. nóvember 2020 17:19
To: Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>
Cc: Gréta Hlín Sveinsdóttir <greta.hlin.sveinsdottir@efla.is>; Ásgeir Jónsson <asgeir.jonsson@efla.is>
Subject: FW: Vegna vindorkumála í Dalabyggð - viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Sæll Þórður,

Farið hefur verið yfir tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu og mat lagt á hvort þar séu atriði sem séu í bága við fyrirliggjandi tillögur um breytingar á aðalskipulagi vegna tveggja vindorkuvera í sveitarfélaginu. Áhrif tillögunnar á vindorku snúa annars vegar að landslagi og hinsvegar óbyggðu víðerni. Kafli 6.3 Nýting vindorku í sátt við umhverfi og samfélag liggur ekki fyrir og er í bið vegna áforma um breytingar á lögum um rammaáætlun, hvenær niðurstaða fæst í þau mál er óvíst.

Samantekt umfjöllunar um landslag og áhrif á vindorku:

Í kafla 6.0 kemur fram „Við alla mannvirkjagerð er mikilvægt að hugað sé að því hvernig staðbundin gæði sem felast í landslagi viðkomandi svæðis eru nýtt, sem og hvernig mannvirki falla að og sóma sér best í landi og skapa góða umgjörð um mannlíf á viðkomandi stað... Mannvirkjagerð og breyting á landnýtingu getur haft áhrif á landslag með ólíkum hætti. Byggingar og skógrækt geta lokað sjónlínunum og stór mannvirki eins og háspennulínur og **vindmyllur** geta breytt yfirbragði svæða, svo dæmi séu tekin.“

Í kafla 6.1.1 kemur fram „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landslag og staðareinkenni greind. Niðurstöður landslagsgreiningar verði lagðar til grundvallar við mörkun stefnu um ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar með það að markmiði að byggja á, viðhalda og efla þau gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar.“

Í kafla 6.2.4 kemur fram „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, jafnt í þéttbýli og í opnu landi með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.“ „Aðgerð 6.2.4 felur í sér að vandað verði til staðarvals og hönnunar mannvirkja og að tekið sé tillit til landslags, sjónrænna þátta og upplifunar við hönnun þeirra.“

Samantekt umfjöllunar um óbyggð víðerni og áhrif á vindorku:

Í kafla 6.1.2 kemur fram „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði óbyggð víðerni greind og kortlögð. Stefna um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af niðurstöðum þeirrar greiningar, með það að markmiði að viðhalda óbyggðum víðernum.“

Í kafla 6.1.6. kemur fram „Við kortlagningu óbyggðra víðerna, og mat á skerðingaráhrifum skipulagsáforma á óbyggð víðerni verði eftirfarandi lagt til grundvallar:

- Mörk óbyggðra víðerna miði almennt við 5 km frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum sem teljast ágeng gagnvart náttúrugæðum óbyggða.
- Skerðingarvegalengd verði lengri en 5 km í tilviki mjög stórra mannvirkja og tæknilegra ummerkja, en styttri en 5 km vegna umfangsminni mannvirkja og tæknilegra ummerkja, sem þó teljast skerða náttúrugæði óbyggða.
- Skerðingarfarlægð ráðist jafnframt af því hvort landform byrgja sýn að viðkomandi mannvirki.
- Innan óbyggðra víðerna geti verið stök, umfangslítill mannvirki og tæknileg ummerki sem samrýmst geta óbyggðaupplifun og náttúrugæðum óbyggða.“

Umhverfismat tillögu að landsskipulagsstefnu:

Í umhverfismatinu kemur fram

„Markmið og aðgerðir í tillögu að landsskipulagsstefnu um loftslagsmiðað skipulag og stefna um staðarmótun og landslagsvernd eru til þess fallin að styðja Heimsmarkmið 7 um sjálfbæra orku sem miðar að því að tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði og auka hlut endurnýjanlegrar orku. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er áhersla lögð á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og meðal annars vikið að möguleikum á ræktun orkujurta. Jafnframt er gert ráð fyrir nýtingu **vindorku** í sátt við umhverfi og samfélag. Í tillögunni er einnig lögð áhersla á að ákvarðanir um landnýtingu taki mið af landslagsgæðum. Það getur takmarkað orkunýtingu sem að öðru leyti gæti talist hagkvæm.“

Þar kemur ennfremur fram

„Með aðgerðunum er lögð áhersla á að við ákvarðanir um landnýtingu og valkostagreiningu við skipulagsgerð, sé tekið mið af gæðum landslags og lagt mat á áhrif á landslag við umhverfismat áætlana. Það getur haft áhrif á nýtingu orkuvalkosta sem að öðru leyti gætu talist hagkvæmir m.t.t. kostnaðar.“... „Hluti af sjálfbærri orkuvinnslu er að ekki sé gengið á þær auðlindir sem felast í landslagi, óbyggðum víðernum, skógum og landbúnaðarlandi sem hentar vel til ræktunar.“


Áhrif á tillögur að breytingu aðalskipulags tveggja vindorkuvera í sveitarfélaginu.

Gert er ráð fyrir nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi tveggja vindorkuvera í Dalabyggð er umfjöllun um ásynd og landslag en ekki liggur fyrir greining á landslagi og staðareinkennum.

Í tillögunum er ekki fjallað um möguleg áhrif vindorkuvera á óbyggð víðerni.

Það kann að vera ástæða til að bæta umfjöllun um óbyggð víðerni við, þ.e.a.s. þar sem mögulegt er að vindmyllur hafi áhrif á þessi svæði, þótt vindorkuver lendi líklega utan þeirra í báðum tilfellum. Á meðfylgjandi mynd er kort sem gert var 2009 út frá eldri skilgreiningum á óbyggðu víðerni og því úrelt en engu að síður byggt á svipuðum forsendum. Vindorkuver í landi Sólheima er líklegra en vindorkuver í landi Hróðnýjarstaða til að hafa áhrif á óbyggð víðerni vegna staðsetningar sinnar.



- Ósnortin víðerni
- Friðlýst svæði og svæði vernduð með sérlögum

Mynd 2: Kort yfir ósnortin víðerni á Íslandi frá Umhverfisstofnun (2009).¹⁸

Heimild: http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Kortlagning_Viderna_Web2.pdf

Þið hafið samband ef þið teljið frekari skýringa þörf.

Kveðja,



ÁSBJÖRN EGILSSON
Byggingarverkfræðingur M.Sc